

OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2021, mánudagur, 21. júní var haldinn 46. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi og hófst kl. 14.00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Heiða Björg Hilmisdóttir, Steinunn Gyðu- Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Jenný Ingudóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Örn Þórðarson, Ísól Björk Karlsdóttir. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir sem tók sæti með fiarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefninu Sjúk ást spjallið – netspjall fyrir unglunga um ofbeldi. R21060205

Þóra Björt Sveinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram drög að bréfi ofbeldisvarnarnefndar, dags. 16. júní 2021, til félags- og barnamálaráðherra, um þörf á úrræði fyrir gerendur kynferðisafbrota. R21060206 Samþykkt.

3. Lögð fram drög að bréfi ofbeldisvarnarnefndar dags. 16. júní 2021, til dómsmálaráðherra, um úrbætur í dómskerfinu fyrir brotþola kynferðisofbeldis og mikilvægi þess að dómarmar fái fræðslu um kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi og áhrif þess á brotþola og fjölskyldur. R21060207 Samþykkt.

4. Fram fer umræða um opnunartíma skemmtistaða og ofbeldi. R15100347

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Umræða um skipulag og opnun skemmtistaða verði tekin upp í haust og skoðað m.a. hvernig þessu er háttað í nágrenni löndum okkar. Kallaðir verði til fag- og hagaðilar að borðinu til að skoða töluleg gögn og fjalla um mögulegar leiðir. Þetta verði m.a. gert í samstarfi við verkefnið Öruggir skemmtistaðir sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

5. Lagt fram bréf forsætisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. maí 2021, til allra sveitarstjórna vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. R21060042 Samþykkt að fá á fund ofbeldisvarnarnefndar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs til að fara yfir það hvernig best megi vinna að þessu verkefni.

6. Lögð fram tillaga Freyju Rúnarsdóttur fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða, um aukna ofbeldisvarnarfræðslu á unglingastigi í grunnskólum, sbr. 4. lið fundargerðar frá opnum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021. R21060148 Samþykkt að útfæra tillöguna í samráði við skóla- og frístundasvið í haust.

Freyja Rúnarsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:05

Heiða Björg Hilmisdóttir

Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir
Jenný Ingudóttir
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Halla Bergþóra Björnsdóttir
Ísól Björk Karlsdóttir